



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 3. febrúar 2022

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hjónaskilnaði, 172. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að það feli í sér sameiningu tveggja fyrri frumvarpa. Annars vegar frumvarp sem ætlað var að auðvelda þolendum ofbeldis að leita skilnaðar og hins vegar frumvarp sem ætlað var að gera fólki kleift að fá skilnað án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng séu hjón sammála um það. Hlutu þau frumvörp ekki afgreiðslu og eru því lögð fram að nýju lítillega breytt. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að við vinnslu frumvarpsins hafi verið leitað sem víðtækasts samráð við samtök og fólk sem hefur reynslu og sérþekkingu á sviði hjúskapar- og heimilisofbeldismála. Efni frumvarpsins varðar sannarlega börn, réttindi þeirra, aðstæður og hagsmuni, og því er bagalegt að ekkert samráð hafi verið haft við fulltrúa barna, eða þá aðila sem hafa því hlutverki að gegna, að vera málsvarar barna í íslensku samfélagi.


Í umsögn umboðsmanns barna við fyrra frumvarp um skilnað án undanfara, dags. 1. mars 2021, kom fram að rangt hafi verið með farið í frumvarpinu þar sem segir að börn séu á forræði foreldra sinna, en samkvæmt nútímamálsorðabók Árnastofnunar er skilgreiningin á forræði það að ráða fyrir eða yfir einhverju. Hið rétta er að barn á lögum samkvæmt rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. Mörg ár eru síðan hugtakið forræði var tekið úr íslenskri löggjöf og skipt út fyrir forsjá, í þeim tilgangi að leggja áherslu á umönnunar- og verndarþátt foreldraskyldna í stað foreldravalds. Það er því bagalegt að rangt sé með farið í þessu frumvarpi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um rétta hugtakanotkun í barnarétti.

Í áður nefndri umsögn umboðsmanns barna kom eftirfarandi fram: „Í frumvarpi þessu er eingöngu litið til þess tíma sem það tekur fyrir hjón að fá lögskilnað, en ef um er að ræða hjón sem eiga saman börn, markar lögskilnaður eingöngu upphaf samvinnu foreldra um uppeldi barna á tveimur heimilum. Það er brýnt að hjónum sem standa frammi fyrir skilnaði sé veittur stuðningur og ráðgjöf, við að fyrirbyggja eða leysa úr mögulegum ágreiningi og komast þannig í sameiningu að þeirri niðurstöðu sem er best til þess fallin að tryggja hagsmuni og velferð sameiginlegra barna. Þá ber þess að geta að í Danmörku hefur stefnan verið sú að bæta

stuðningsþjónustu við einstaklinga í þessari stöðu frekar en að stytta skilnaðarferlið, enda ekki víst að það sé sú leið sem er best til þess fallin að stuðla að farsælum skilnaði, góðri samvinnu og uppbyggilegum samskiptum í þágu barns.

Enn fremur kom fram í umsögn umboðsmanns barna að það sé mat embættisins að frekar en að ráðast í breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu, þurfi að móta nýja heildarstefnu í þessum málaflokki, auka fjárveitingar til sýslumannsembætta, fjölga úrræðum og bæta aðgengi að fyrirbyggjandi úrræðum, með hliðsjón af reynslu nágrannalandsanna á þessu sviði.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna